



Árið í hnotskurn



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
2003



Framtíðarsýn ASÍ

„Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.“

(úr samþykkt ársfundar 2002)





Fylgt úr hlaði

Tilvisunin hér til hliðar í samþykkt síðasta ársfundar er ekki valin af handahófi. Í henni er fólgin sú sýn okkar að skoða verði alla þá þætti sem til samans mynda kjör og aðstæður íslensks launafólks. Við getum ekki fjallað um velferðarmál án þess að skoða atvinnumál og efnahagsmál og við getum ekki metið efnahagsmál án þess að skoða velferðarmál og svo framvegis. Gott og öruggt velferðarkerfi skapar störf og eflir hagvöxt. Þess vegna eru samhengið og heildarsýnin yfir alla þessa lykilþætti þess sem við köllum samfélag svo mikilvæg. Af þessu leiðir að öll viðleitni verkaldshreyfingarinnar til að treysta og bæta kjör launafólks og fjölskyldna þeirra hlýtur að taka mið af öllum þessum þáttum.

Tíminn frá síðasta ársfundinum hefur verið viðburðaríkur í starfi Alþýðusambandsins. Í þessu yfirliti gefst einungis tækifæri til að tæpa á örfáum atriðum.

Vinnan í velferðarmálunum hefur verið fyrirferðarmest í starfi sambandsins á árinu – einkum á fyrri hluta ársins. Frá henni er sagt í miðopnu. Annað atriði sem setur svip sinn á starfið með sívaxandi þunga eru atvinnumálin. Þeirri vinnu var formlega ýtt af stað með veglegri ráðstefnu í september og yfirskrift ársfundarins nú er Atvinna fyrir alla. Þetta starf er í beinu og eðlilegu framhaldi af velferðarvinnunni og í samhengi við hana. Stöðug vinna við greiningu efnahags- og kjaramála tengir þessa vinnu síðan við efnahagsmálin.

Sá árangur sem náðist við samþykkt nýrra laga í mars sl., annars vegar um Ábyrgðasjóð launa og um vinnuverndarmál hins vegar, er afar mikilsverður. Bæði þessi lög treysta réttindi launafólks mjög frá því sem áður var og hin nýju vinnuverndarlög bjóða upp á ýmis tækifæri til að byggja á frekari ávinninga. Það er á okkar valdi að vinna úr þeim tækifærum. Undanfarin ár hefur aftur á móti verið sótt að margvíslegum réttindum launafólks úr ýmsum áttum meðal annars frá ríkisvaldinu. Nýjasta dæmið eru áformin um skerðingu atvinnuleysisbóta. Þess vegna skiptir starf okkar á þeim vettvangi miklu máli. Það þarf alltaf að standa vaktina.

Það eru önnur mál sem varða réttindi launafólks þar sem árangurinn hefur ekki verið jafn góður. Fyrst ber að nefna viljaleysi stjórnvalda til að leiðrétta það misrétti sem opinberir starfsmenn í félögum ASÍ búa við í lífeyris-, orlofs- og veikindaréttarmálum í samanburði við þá sem eru í félögum opinberra starfsmanna. Þetta er ólíðandi, ekki síst í ljósi itrekaðra fyrirheita um leiðréttingu. Ýmsar blikur eru jafnframt á lofti í tengslum við túlkun á lögum um fæðingarorlof eftir að kærunefnd úrskurðaði að opinberum starfsmönnum skuli reiknað orlof á fæðingarorlof, en ekki þeim sem eru á almennum vinnumarkaði. Miðstjórn hefur ákveðið að á þetta verði látið reyna fyrir dómstólum.

Miklar hræringar hafa orðið í fræðslumálum hreyfingarinnar á árinu. Félaglega fræðslan hefur verið skilin frá annarri fræðslustarfsemi og er nú hluti af starfseminni á skrifstofu ASÍ. Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun eru í höndum hlutafélagsins Mímis – símenntunar. Auk þess var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) stofnuð, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins. FA er samstarfsvettvangur þessara aðila um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Í starfi Alþýðusambandsins togast gjarnan á tveir pólur: Annars vegar þörfin fyrir að bregðast við ýmsu því sem aðrir þátttakendur í þjóðfélagslegri umræðu segja eða gera. Hins vegar er um að ræða vilja okkar til að leggja fram okkar eigið framlag, svo sem ítarlega stefnumótun í margvíslegum málum. Markalínan á milli er að vísu sjaldnast skýr.

Alþýðusamband Íslands gefur hér í fyrsta sinn út stutt yfirlit yfir starf sambandsins á starfsárinu sem er að líða. Eins og áður segir, er hér einungis fjallað lauslega um örfá viðfangsefni ASÍ á árinu. Samhliða kemur út ítarleg skýrsla forseta líkt og undanfarin ár.

Nánari upplýsingar um efnið og skýrslu forseta í heild er hægt að nálgast á vef ASÍ: www.asi.is



Atvinna fyrir alla

Á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins var tónninn gefinn að því er varðaði framhald velferðarvinnunnar og að eðlilegt væri að fjalla um atvinnu- og byggðamál í beinu áframhaldi af því. Í því sambandi má vísa í þá samþykkt ársfundarins sem er að finna á innkápu þessa rits, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að tengja saman efnahagsmál, atvinnumál og félagsmál.

Í framhaldi af ársfundinum varð mikil umræða um atvinnumál á vettvangi ASÍ og í desember sendi hagdeildin frá sér greiningu á atvinnuleysinu, þar sem m.a. kom fram að það hefði aukist – ekki síst langtímaatvinnuleysi (þ.e. þeir sem hafa verið án vinnu í hálf t. ár eða lengur).

Í febrúar lagði hagdeildin fyrir miðstjórn greiningu á efnahagsþróuninni og afleiðingum of mikillar hækkunar á gengi íslensku krónunnar, sérstaklega gagnvart atvinnustiginu. Skammvinnur ávinningur launafólks í formi aukins kaupmáttar vegna lækkandi verðs á innfluttum vörum kæmi hins vegar mjög hart niður á þeim sem missa vinnuna.

Í framhaldi af því ályktaði miðstjórnin um atvinnumál. Þar var lýst þungum áhyggjum vegna ástandsins í atvinnumálum, um 6000 manns væru án vinnu og atvinnuástandið hefði ekki verið verra síðan 1998. Í ályktuninni var enn fremur hvatt til þess að mannaflsfrökum aðgerðum yrði flýtt og jafnframt lögð mikil áhersla á að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína. Þessu til viðbótar var lagt til að gripið yrði til ýmissa aðgerða til að styrkja stöðu þeirra sem væru án atvinnu, svo sem með hækkun atvinnuleysisbóta og fjölbreyttum starfs- og endurmenntunartilboðum fyrir atvinnulausa.

26. mars stóð Atvinnumálanefnd fyrir fundi um málefni atvinnulausra. Markmiðið var að efla umræðu á vettvangi

ASÍ um stöðu atvinnulausra og með hvaða hætti væri unnt að aðstoða atvinnulausa einstaklinga til lengri eða skemmri tíma. Á fundinum voru lagðar fram eftirfarandi tillögur frá atvinnumálanefnd:

1. Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði.
2. Skráningarferli og umsýsla skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana verði einfaldað og gert skilvirkara.
3. Aukin áhersla verði lögð á aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði fyrir fólk í atvinnuleit og virka vinnumiðlun.
4. Löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðs- aðgerðir verði endurskoðuð og að sett verði lög um einkareknar vinnumiðlanir.

30. september gekkst Alþýðusambandið síðan fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Atvinna fyrir alla á Grand hóteli í Reykjavík. Þar var m.a. fjallað um hvernig líklegt væri að efnahagsmálin þróuðust að loknum stóriðjuframkvæmdum og hvaða vinna væri í gangi á vegum Evrópusambandsins um samtönnun efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Auk þess var fjallað um almennar og sértækar lausnir í atvinnumálum og hlutverk þekkingar í nýsköpun.

Ráðstefnan var liður í ítarlegri stefnumótunavinnu hreyfingarinnar, þar sem ársfundurinn mun leggja höfuðlinurnar sem fyrirhugað er að vinna úr í kjölfarið í viðtæku samstarfi við m.a. sveitarfélögin og fleiri.





Góð störf – traust réttindi

Á vettvangi Alþýðusambands Íslands var á síðasta starfsári unnið að fjölmörgum réttindamálum sem skipta launafólk miklu. Þetta starf skilaði mikilvægum árangri á ýmsum sviðum sem mikilvægt er að fylgja eftir og byggja á til framtíðar. Í annan stað fólst starfið í því að verjast atilögum að áunnum réttindum. Loks var haldið áfram vinnu við ýmis réttindamál sem enn er ólokið.

Ný lög um Ábyrgðasjóð launa voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Af hálfu ASÍ var við undirbúning lögjafarinnar lögð höfuðáhersla á að bæta réttarstöðu launafólks við gjaldþrot fyrirtækja. Í þeim efnum náðist mikilvægur árangur. Þar má nefna að:

- Réttindi launafólks í sjóðnum eru styrkt.
- Hámark ábyrgðar vegna launakrafna er hækkað.
- Ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði er viðurkennd.
- Boðið er upp á aukinn sveigjanleika til að mæta hagsmunum launafólks.
- Stjórnsýsla sjóðsins er gerð skilvirkari og gagnsæri.

Jafnframt er með nýjum lögum tryggð skilvirkari og gagnsæri stjórnsýsla. Ljóst er að í nýju lögum er fólgin mikil réttarbót fyrir launafólk.

Með breytingum á Vinnuverndarlögum sl. vor urðu mikilvæg tímamót í löggjöf um réttindi starfsmanna varðandi aðbúnað á vinnustað og skipulag vinnunnar. Með lögum var komið til móts við helstu áherslur Alþýðusambandsins í vinnuverndarmálum og ábendingar um einstaka þætti þeirra. Lögin fela í sér fjölmörg nýmæli og eru mikilvægt verkfæri til að bæta allt umhverfi vinnunnar. Lögð er áhersla á kerfisbundið og fyrirbyggjandi vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum. Þannig ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað í samráði við fulltrúa starfsmanna.

- Áætlunin skal fela í sér mat á áhættu í starfi.
- Hún skal jafnframt fela í sér áætlun um heilsuvernd starfsmanna þar sem m.a. kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal aðgerðir til að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

Í byrjun árs 2003 var gengið frá kjarasamningi á milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um hlutavinnu. Samningnum er ætlað að treysta réttindi þessa hóps launafólks.

Þær réttarbætur sem nefndar eru hér að ofan byggja á starfi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi og á Evrópuvísu og grundvallast á skuldbindingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.



Sama gildir um reglur um tímabundna ráðningarsamninga, réttindi fjarvinnustarfsmanna og rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum. Á vettvangi ASÍ var unnið að framgangi þessara réttindamála og fleiri á tímabilinu.

Meðal annarra verkefna er barátta ASÍ fyrir því að réttindi opinberra starfsmanna verði jöfn, óháð því hvort þeir eiga aðild að stéttarfélagum opinberra starfsmanna eða eru í aðildarfélagi ASÍ. Lausnin í þessu sjálfsagða réttindamáli hefur strandað á stjórnvöldum, þrátt fyrir gefin fyrirheit. Hér vega mismunandi lífeyrisréttindi þyngst. Annað mál, þar sem ríkisvaldið kys að mismuna launafólki eftir stéttarfélagasáttmála, birtist í úrskurði kærnefndar fæðingarorlofsmála. Þar er sá skilningur staðfestur að opinberir starfsmenn skuli njóta orlofs ofan á fæðingarorlof, en launamenn á almennum vinnumarkaði ekki. Hér er verk að vinna og hefur Alþýðusambandið ákveðið að láta á þetta reyna fyrir dómstólum.





Aðhald og þrýstingur skila árangri

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust haustið 2002, með ýmsum undirbúningsframkvæmdum, en meginverkefni fóru á fullt skrið nú í sumar. Svo sem kunnugt er samdi Landsvirkjun við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo um að reisa stíflu við Kárahnjúka og grafa jarðgöng að stöðvarhúsinu. Á undanförunum áratugum hefur sérstakur Virkjanasamningur gilt um laun og önnur starfskjör á virkjanasvæðum. Fljótlega varð þess vart að Impregilo virti ekki einstök ákvæði þessa samnings og virtist fyrirtækið auk þess eiga í erfiðleikum með að laga sig að reglum á íslenskum vinnumarkaði. Svo virtist sem stjórnendur Impregilo hafi ekki getað fallist á að starfsmenn þeirra nyttu þeirra launa og réttinda sem framangreindur samningur kveður á um. Svo var að sjá að fyrirtækið vildi frekar að kjör þeirra fylgdu reglum á Ítalíu og í Portúgal. Aðbúnaði starfsmanna við Kárahnjúka hefur verið mjög ábótavant og fyrirtækið dregið fram úr hófi að uppfylla kröfur sem gerðar eru um aðbúnað í starfsmannabúðum og mótuneytum. Fulltrúar landsambandanna og ASÍ fóru í ferð um virkjunarsvæðið 7. ágúst og kom þeim mjög á óvart í hve slæmum farvegi málin voru. 1. október sendi miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá sér eftirfarandi ályktun:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega framferði ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo í samskiptum þess við launafólk. Lýst er fullri ábyrgð á hendur fyrirtækinu. Það er enn fremur ljóst að ábyrgð Landsvirkjunar í þessu máli er ótvíræð. Ábyrgð stjórnvalda er jafnframt mikil.

Miðstjórnin telur mikilvægt að samstaða náist milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um að tryggja, að farið verði að þeim samningum og lögum sem í gildi eru.

Það er mikilvægt að allir þessir aðilar snúi bökum saman til að þessi mál verði færð til betri vegar. Samskipti og leikreglur á íslenskum vinnumarkaði eru í húfi.

Málið hefur einkum brunnið á fulltrúum landsambanda innan ASÍ sem aðild eiga að Virkjanasamningnum, þ.e. Starfsgreinasambandsins, Samiðnar og Rafiðnaðarsambandsins Íslands en einnig á Matvís og Afli, Starfsgreinafélagi Austurlands. Forysta ASÍ og landsbandanna hefur átt í viðræðum við félagsmálaráðherra, umhverfisráðherra og dómsmálaráðherra, auk þess sem mál þessi hafa ítrekað verið rædd við forsvarsmenn Landsvirkjunar. Einnig var forystu Samtaka atvinnulífsins gerð grein fyrir því að ef ekki tækist að leysa úr ágreiningi um framkvæmd Virkjanasamningsins væru allar líkur á því að þessi deila myndi breiðast út um allan vinnumarkaðinn þegar samningar yrðu lausir um næstu áramót. Ljóst var orðið að þessi staða var engan veginn ásættanleg, hvorki hvað varðar launakjör starfsmanna né aðbúnað þeirra.

Eftir mikinn þrýsting og eftirgangsmuni var mikilvægum áfanga náð með samkomulagi sem var gert 1. og 10. október milli fulltrúa landsambandanna í samráðsnefndinni og Impregilo. Samkomulagið tryggir m.a. að laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna á virkjanasvæðinu verði í samræmi við Virkjanasamninginn. Auk þess er fjallað um ýmis mikilvæg réttindamál, eins og uppsagnir starfsmanna, laun í forföllum vegna veikinda og ferðakostnað. Sérstaklega var tekið á málum erlendra starfsmannaleigna, en framganga þeirra hefur sætt mikilli gagnrýni. Þá var aðgangur yfirtrúnaðarmanns að upplýsingum um ráðningarkjör erlendu starfsmannanna tryggður og honum gert kleift að fylgjast með framkvæmd fyrirtækisins á einstökum ákvæðum samkomulagsins. Mikilvægur þáttur í þessu samkomulagi er að launagreiðslur verða lagðar inn á bankareikninga starfsmanna. Með þessu samkomulagi hafa orðið ákveðin þáttaskil í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og Impregilo og þau færð í jákvæðari farveg. Áfram verður þó fylgst náið með framgangi mála á svæðinu og verkalýðshreyfingin veitir ítalska verktakafyrirtækinu stöðugt og öflugt aðhald.





Stöðugleiki og lágt verð vöru og þjónustu tryggja neytendum betri kjör



Neytendavitund almennings er mun lakari hér landi en annars staðar á Norðurlöndum. Upplýstur neytandi er í raun eitt öflugasta aðhaldið þegar kemur að verðlagsmálum. Hlutverk verðlagseftirlits ASÍ er annars vegar að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þar með neytendavitund þeirra og hins vegar að veita fyrirtækjum og stofnunum ákveðið aðhald varðandi þróun verðlags almennt. Með slíku aðhaldi og virku verðlags- eftirliti er unnið að því að bæta kjör launafólks. Stöðugleiki og lágt verð vöru og þjónustu tryggja neytendum betri kjör þar sem verð neysluvöru hefur bein áhrif á kaupmátt.

Verðlagseftirlitið hefur lagt mikla áherslu á eftirlit með matvörumarkaði. Sjónum hefur einnig verið beint að ýmsum öðrum vörum og þjónustuflokkum sem snerta pyngju fólks. Eitt af því sem hefur verið kannað er verð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Lyfjamarcaðurinn er hins vegar mjög flókin og getur reynst erfitt fyrir hinn almenna neytanda að átta sig á því hvar hægt er að gera hagstæðustu kaupin. Verðmerkingar á lyfseðilsskyldum lyfjum eru oft og tíðum óljósar og vörunar hreinlega ekki sýnilegar. Einnig getur verið mismunandi þátttaka almennatrygginga í lyfjakostnaði sem bætir ekki úr skák. Vegna þessa hefur verið erfitt fyrir verðlagseftirlit að framkvæma verðkannanir á lyfjum. Nauðsynlegt hefur verið að fá aðgang að tölvukerfi viðkomandi apóteks til að finna verð. Að frumkvæði ASÍ var því óskað eftir samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu um mótun verklagsreglna við verðkannanir á lyfseðilsskyldum lyfjum. Þar sem um lyfseðilsskyld lyf er að ræða var óskað eftir þátttöku Landlæknisembættisins sem féllst á að taka þátt í þessari vinnu og 11. september var undirritað samkomulag milli ASÍ, Samtaka verslunar og þjónustu og Landlæknisembættisins um fyrirkomulag lyfjaverðskannanna. Með samkomulaginu hefur unnist stórt skref í að gera kannanir á lyfjaverði þannig að allir séu sammála um hvernig framkvæmd skuli háttað. Fyrsta könnun með þessu nýja verklagi var svo gerð um miðjan október.

Verðlagseftirlit ASÍ gerir bæði reglubundnar og sértækar kannanir en fyrir utan kannanir í matvöruverslunum hefur m.a. verið kannað verð á heilsuvörum, bakarísvörum, lyfjum, íþróttanámskeiðum fyrir börn og unglina og verð á hjólbarðaskiptingu, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur einnig verið kannað verð á algengum náms- og orðabókum. Árangur af könnunum af þessu tagi skilar sér jafnan að einhverju leyti strax við birtingu kannana, en auk þess hafa almennt aðhald og neytendavitund áhrif til lengri tíma, ef kannanir eru reglulegar. Sá þáttur starfsins á væntanlega eftir að koma enn betur í ljós í framtíðinni. Starfsemi verðlagseftirlits ASÍ byggir á yfirlýsingu forsætisráðherra í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í mars 2001, þar sem því var heitið að fjármagna þessa starfsemi til loka samningstímans eða ársloka 2003. Nú liggur hins vegar fyrir að starfsemi verðlagseftirlitsins hefur verið tryggt og verður áfram ríkur þáttur í starfsemi skrifstofu ASÍ.





Velferð fyrir alla

Samhjálp og samábyrgð hafa alltaf verið kjarni siðmenningar okkar og kjarni þeirra gilda sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir. Velferðarmál í viðum skilningi hafa því alltaf verið meðal helstu viðfangsefna verkalýðshreyfingarinnar. Íslendingar hafa gjarnan státað af öflugu velferðarkerfi. Ef illa hefur árað hjá einstaklingum og fjölskyldum, hvort heldur er vegna atvinnumissis, heilsubrests eða af öðrum ástæðum, hefur samtryggingin gripið inn í. Velferðarkerfið hefur hins vegar veikt á undanförunum árum. Tilteknir hópar í samfélaginu hafa dregist aftur úr, þannig að nú er stundum talað um að þeir séu fastir í fátæktargildru. Það felur í sér, að þótt velferðarkerfið sjái ef til vill til þess að þeir hafi í sig og á, þá er það þannig úr garði gert að möguleikar þessa fólks á að bæta stöðu sína í samfélaginu eru afar takmarkaðir. Á sama tíma hefur allri okkar þjóðfélagsgerð og efnahagsumgjörð verið umbylt þannig að einstaklingar standa berskjaldaðri fyrir neikvæðum afleiðingum aukinnar alþjóðlegrar samkeppni.

Verkalýðshreyfingin er ósátt við þessa þróun. Því var ákveðið á þingi hennar árið 2000 að setja í gang stefnumótunarvinnu sem miðaði að því að varpa fram nýjum heildstæðum hugmyndum um framtíð íslenska velferðarkerfisins.

Þjóðarsátt um velferðarkerfið

Vinnunni hófst síðan formlega með ráðstefnu sem haldin var í Salnum í Kópavogi í mars 2001. Frummælendur á ráðstefnunni voru meðal annars Davíð Oddsson, forsætisráðherra, Stefán Ólafsson, prófessor og Joakim Palme, prófessor við Stokkhólmsháskóla, sem er virtur fræðimaður á sviði velferðar- og lífeyrismála. Ljóst var af umræðunni að óhjákvæmilegt var fyrir verkalýðshreyfinguna að endurskoða ýmsa þætti í afstöðu sinni til velferðarmála og var afrakstur þeirra umræðu lagður fyrir ársfundi ASÍ

árið 2002. Þar voru teknar stefnumótandi ákvarðanir um áherslur og framhald vinnunnar.

Við áframhaldandi greiningarvinnu var unnið með ýmsum stofnunum og almannaheillasamtökum, til að fá sem skýrasta mynd af kerfinu eins og það er, kosti þess og göllum og jafnframt til að kalla eftir sjónarmiðum um hvernig hægt væri að koma ákveðnum þáttum fyrir. Velferð fyrir alla – áherslur Alþýðusambandsins í velferðarmálum, var síðan yfirskrift þeirra tillagna sem lagðar voru fram vorið 2003 – í aðdraganda Alþingiskosninga. Það var fyrst gert með ráðstefnu í Salnum í Kópavogi og síðan með opnum fundi með forsvarsmönnum stjórnmalaflokkanna. Þar var þeim gefinn kostur á að kynna afstöðu sína til tillagnanna. Skemmtst er frá því að segja, að viðtökur þeirra voru í öllum aðalatriðum mjög góðar, þótt áherslur væru ef til vill misjafnar hvað varðar einstök viðfangsefni. Það er ljóst að þessar tillögur og umræðan kringum þær mótuðu að einhverju leyti umræðuna í aðdraganda Alþingiskosninga og sumar tillagnanna hafa komist í framkvæmd að einhverju leyti og aðrar fengið frekari umfjöllun.

Meginatriðin í tillögunum

Ekki er ástæða til að gera nákvæma grein fyrir þessum tillögum hér, heldur einungis nefnd nokkur meginatriði. Í tillögunum var ákveðið að greina milli bráðaaðgerða til að draga úr sárri fátækt og langtíma stefnubreytinga.

Brýnustu aðgerðir til að draga úr fátækt

Mikil vinna var lögð í að skilgreina til hvaða brýnna aðgerða stjórnvöld yrðu að grípa til þess að draga úr sárri fátækt. Lögð var áhersla á lækkun húsaleigu í félagslega húsnæðiskerfinu og fjölgun íbúða. Einnig var talið brýnt er að draga úr kostnaði sjúklunga vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu.





Gagnvart barnafjölskyldum var lagt til að barnabætur verði hækkaðar, þær ekki skertar m.v. við tekjur og nái til barna allt að 18 ára aldri. Áhersla var lögð á að sveitarfélögin dragi úr gjaldtöku vegna ýmissar skólabjónustu og tómstunda og geri þannig öllum börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstarf án tillits til efnahags foreldra. Í umræðu um kjör öryrkja var lagt til að lægstu samsettu bætur þeirra verði a.m.k. 110 þús. kr. á mánuði auk barnalífeyris, og að bætur almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. aldraðra. Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði og hafin verði skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur og þá hvernig.

Úrbætur í heilbrigðismálum

Í heilbrigðismálum var lögð áhersla á að efla heilsugæsluna sem grunneiningu og fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Aðgangi að sérgreinalæknum verði stjórnað með „valfrjálsu stýrikerfi“ í stað gjaldtöku og að verkaskipting sjúkrahúsa og sérgreinalækna verði endurskoðuð og leiðir kannaðar til þess að fela einkareknum stofum alfarið tiltekin afmörkuð verkefni. Valmöguleikar í þjónustutilboðum verði auknir, þar sem fjölbreytni gefur meiri möguleika á því að bregðast við breyttum aðstæðum. Þetta má þó ekki leiða til aukinnar félagslegrar stéttaskiptingar. Tryggja verður gæði þjónustunnar og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag, búsetu og félagslegri stöðu.

Endurskoðun húsnæðiskerfisins

Samhliða auknum framlögum ríkisins í formi vaxtaniður-greiðslu og/eða stofnstyrkja til félagslega íbúðakerfisins, auki sveitarfélögin niðurgreiðslur sínar með því m.a. að nýta ekki til fulls hámarksreglur um útreikning leigu t.d.

hvað varðar umsýslukostnað, vexti af eigin stofnframlögum og í viðhaldsprösentu. Biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði verði eytt á 3 árum. Opinberum framkvæmda-aðilum og einkaaðilum verði veitt skilyrt lán úr ríkissjóði á niðurgreiddum lágum og föstum vöxtum og/eða stofnstyrkir til byggingar á félagslegu leiguhúsnæði fyrir tekjulága hópa.

Skoðaðar verði leiðir til þess að stækka hinn almenna leigumarkað með því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja sem hyggjast eiga og reka almennt leiguhúsnæði, m.a. með breyttum fyrningarreglum.

Aukin vernd í almannatryggingum

Afkomuvanda eldri borgara sem hafa lítinn rétt í lífeyrisjóðum eða hafa ekki myndað þann rétt vegna heimilisstarfa, örorku eða veikinda verði mætt með hækkun á tekjutryggðum greiðslum frá almannatryggingum. Mis-munur sem er á milli réttinda lífeyrissjóða sem veita rétt eftir fastréttindum og sjóðssöfnun verði leiðrétt í áföngum.

Mikilvægt var talið að auka getu almennu lífeyrissjóðanna til greiðslu eftirlauna, með því að jafna núverandi áhættutryggingu betur milli sjóðanna innbyrðis og frekari þátttöku almannatrygginga í þeim.

Mikil áhersla var lögð á rétt foreldra til launa meðan þau sinna veikum börnum. Gæta verður þess að sá réttur sem skapaður er á hverjum vinnustað verði ekki íþyngjandi um of og komi þannig í veg fyrir að barnafólk verði gjaldgengt á vinnumarkaði. Þess vegna er mikilvægt að skipta þessum rétti milli einstakra atvinnurekenda og samtryggingarréttar.

Mikilvægt er að skilgreina hlutverk sjúkradagpeninga innan almannatrygginga og samræma þann rétt við þann sem sjúkrasjóðir verkalýðsfélagá veita.



Vits er þörf - þeim er víða ratar

Á síðasta ársfundi voru gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi fræðslumála hreyfingarinnar. Félagslega fræðslan var færð inn á skrifstofu ASÍ sem fræðsludeild ASÍ - MFA, en fullorðinsfræðsla og starfsmenntun voru færð í hendur hlutafélagsins Mímis - símenntunar ehf., sem starfar til almannaheilla og er alfarið í eigu ASÍ. Skipulag á innihaldi náms fyrir fullorðið fólk var fært inn í nýtt félag: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins eiga til helminga. Fræðslumiðstöðin er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Félagslega fræðslan

Meginmarkmiðið með starfi MFA er að efla alla talsmenn stéttarféлага og sambandanna til að takast á við þau mörgu og fjölbreyttu verkefni sem þeir sinna í daglegu starfi sínu. Þetta er meðal annars gert með því að bjóða upp á fræðslu og námskeið og útbúa námskeið sem uppfylla þarfir þeirra.

Trúnaðarmannafræðsla Félagsmálaskóla alþýðu hefur löngum verið þungamiðja fræðslustarfs MFA. MFA hefur aukið áherslu sína á ýmis námskeið sem sniðin eru að þörfum stjórnarmanna stéttarféлага og jafnframt fyrir starfsmenn stéttarféлага vegna þeirrar þjónustu sem félögin veita félagsmönnum sínum.

Í samvinnu og samráði við forystumenn og starfsfólk féлага, veitir MFA ráðgjöf um hvers konar fræðslu og námskeið félögin ættu að leggja áherslu á. Jafnframt hefur MFA tekið þátt í að sérsníða námskeið að þörfum tiltekinna féлага.

Hverja vor- og haustönn eru haldin námskeið fyrir alla talsmenn stéttarféлага. Framboð námskeiða á vorönn tók mið af því að þessu sinni að kjarasamningar eru framundan en jafnframt voru önnur almenn námskeið í boði.


Útgáfa námsefnis er mikilvægur hluti af starfi fræðsludeildarinnar. Námsefni fyrir trúnaðarmenn hefur verið í endurskoðun og verður gefin út ný öflug handbók nú í haust. Sérfræðingar ASÍ voru aðalhöfundar efnis. Í ár var gefið út vefnámskeiðið *Einelti á vinnustað sem er á vefsíðu ASÍ* og opið öllum. Fljótlega verður opnað vefnámskeiðið *Trúnaðarmaður - starf og staða samkvæmt lögum og kjarasamningum* sem verður einnig á vefsíðu ASÍ. Vefnámskeið eru nýjung sem eiga að gera talsmönnum kleift að sækja fræðslu og þekkingu hvar og hvenær sem þeir vilja.

Til að gefa hugmynd um umfang starfsins má nefna að haldið var 21 trúnaðarmannanámskeið á síðasta starfsári. Námskeiðin stóðu allt frá einum degi og upp í fimm daga. Jafnframt voru haldin 19 félagsstjórnunarnámskeið. Námskeiðin sóttu næstum 700 manns. Því til viðbótar voru haldin nokkur námskeið í *samningagerð og samningatækni, samskiptum við félagsmenn í vanda, verkefnastjórnun í kjarasamningum, notkun hagfræðihugtaka í kjarasamningum, framkoma í fjölmiðlum, tryggingar, hópupp-sagnir og aðilaskipti í fyrirtækjum*. Ennfremur var haldið sérstakt námskeið fyrir fulltrúa ASÍ í stjórnum lífeyrissjóða um hlutverk og starfsemi lífeyrissjóða.



Útgefandi: Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1, 105 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinnsson

Listasafn ASÍ



Listasafn ASÍ var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt, alls um 120 málverk, flest eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar.

Ósk Ragnars var að stofnað yrði alþýðulistasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Listasafn ASÍ hefur alla tíð haft þetta að leiðarljósi og mótaði sl. vor sérstaka sýninga- og söfnunarstefnu sem samþykkt var í miðstjórn ASÍ. Þar er lögð áhersla á þrjár meginstoðir sýningastefnunnar, þ.e. rekstur Ásmundarsafns, þar sem einn salur, Arinstofan, er fyrir sýningar á eigin verkum safnsins og tveir salir, Ásmundarsalur og Gryfjan, eru lánaðir í 8-9 mánuði á ári til myndlistarmanna. Stefna Listasafns ASÍ við val á sýnendum er að velja inn breitt þversnið af íslenskrum myndlist og hönnun áhugaverðra og framsækinnu listamanna. Listasafn ASÍ hefur verið brautryðjandi í vinnustaðasýningum um land allt, en nú eru yfir um 45 slíkar sýningar þar sem bæði verk í eigu safnsins og í eigu listamanna sjálfra eru sett upp á vinnustöðum og stofnunum. Í söfnunarstefnu Listasafns ASÍ er lögð áhersla á að sinna sérstaklega listamönnum sem vinna verk úr eða á pappír.

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu í Reykjavík og er opið alla daga nema mánudaga frá klukkan 13 -17.